

Með viljann að vopni

Sýning á Kjarvalsstöðum 4. september 2010

Góðu, mögnuðu listakonur hér viðstaddar,
ágætu sýningargestir.

Sú var tíðin að það var ekki móðins að vera kvenmaður heldur fólust í þeirri óheppni að vera fæddur kvenkyns miklar hömlur á andlegt frelsi --- og svo er nú reyndar enn, - víða í henni veröld. Rétt eitt dæmi þess, er að 2/3 af þeim 760 milljónum manna sem er ólæsir í heiminum... eru konur. Það er víða, meira að segja í sumum upplýstum löndum ekki svo fjarri okkur á landakortinu, sem enn þykir ekki taka því að rækta andlegt atgjörvi kvenna, heldur þykir sjálfsagt að binda þær við gamlar þægilegar hefðir sem tíðkast hafa frá fornu fari - einhvers staðar ekki fjarri eldavél og þvottabala. --- „Hún bjó manni sínum fagurt heimili“, stendur stundum enn í vel skrifuðum minningarorðum. En er svo líka oft skrifað í minningum um sæmdarkonur, og er talið mikið hrós; „það lék allt í hönunum á henni“, - „hún sneið og saumaði allt eftir eigin höfði“, - „hún var mikil hannyrðakona, þrjónaði allt á börnin sín sjö - og aldrei sá ég hana fara eftir uppskrift“. Þarna er auðvitað komin listakonan, sem á nýrri tímum hefði vafalaust brotist áfram - í Listaháskólann LÍ, - út til

útlanda að skoða nýjustu listastraumana, víkka hugann, sækja innblástur að koma með heim til að skapa verk sem hugsuð eru á íslensku, mótuð í íslenskum huga og með íslenskri hönd, - en hafa alþjóðlega - kosmópólítíska vídd. Og þá verðum við enn einu sinni svo þakklát fyrir alla listsköpun, - orðin menn með mönnum, eða við ættum kannski að orða það sérstaklega fyrir okkur konur á þessum degi: konur með konum. (Má nú ekki gleyma því samt að konur eru menn!).

Allar skoðanir og aðferðir til tjáningar skal endurmeta strax og ný viðhorf myndast. Það gaf auga leið að heimsstyrjöldin síðari, með öllum þeim hörmungum sem henni tengdust, hlaut að leiða til nýrra vídda í listtjáningu, skapa nýja sýn á samfélögin. Það var ekki alveg út í bláinn að konur urðu upplitsdjarfari á eftirstríðsárunum, hættu í nokkrum mæli að biðja afsökunar á sjálfum sér. Þær höfðu aflað sér virðingar á stríðsárum sem voru vægast sagt afar karllæg og heimspekileg bók Simone de Beauvoir um styrk, eða ef til vill öllu heldur ímyndaðan veikleika kvenkynsins, varð fræg og marglesin. Hinn svokallaði feminismi sem boðaði að konur væru eins rétt háar og karlar á öllum sviðum tók undir sig heljarstökk, - en náði samt ekki að ráði til Íslands fyrr en seint á 7. áratugnum... Og enn er þetta orð, feministi svolítill tungubrjótur í íslensku samfélagi, það

þykir ekki eins fínt að vera öflugur feministi og að vera öflugur verkalýðsforingi. Að vera harður feministi er oft skilgreint - að vísu oftast góðlátlega - að vera frekja. Verkalýðsforinginn, sem er fastur fyrir, fær orð fyrir að vera hetja.

Þegar ég átti leið um í París um miðja síðustu öld, var þar fjöldi íslenskra listamanna komnir til að teygja að sér nýtt andrúmsloft í listum, - og þegar orðnir brautryðjendur nýrra liststrauma á Íslandi. Meðal þeirra voru aðeins tvær konur, Gerður og Nína Tryggvadóttir, sem síðan urðu svo sannarlega samtíðamönnum sínum til stórsóma í íslenskri listasögu. Og fyrir okkur sem vorum komin til vits á áratugnum frá 1970 til 80 (og ekki síst okkur sem vorum hjarta okkar miklir feministar!) var svo gefandi og gaman að fylgjast með listsköpun listkvenna ættjarðarinnar, ekki síst þegar þær beittu sterkasta vopninu, kaldhæðni og raunsæi í bland við gamansemi. Þær eignuðust marga aðdáendur þann baráttu-áratug, aðdáendur, sem aldrei hafa skilið við þær, heldur fremur, með upprifjun á minningum frá þessum tíma, dregið aðra inn í hópinn.

Það frumkvæði sem Listasafn Reykjavíkur hefur hér tekið um endurlit til íslenskra myndlistarkvenna frá árunum 1970 til 1980, á skilið í senn þakkir og mikið hrós. Það var á

þeim áratug, að íslenskar konur urðu heimsfrægar með því að efna til kvennafrídags 14. október 1975, til að sanna í senn fyrir sjálfum sér og umheiminum, að þjóðfélagið hvílir til jafns á þeirra herðum og stæltum herðum karla í samfélaginu.

Ég votta listakonunum sem hér sýna, Listasafni Reykjavíkur og safnstjóra þess Hafþóri Yngvasyni (en móðir hans var mikil kvenréttindakona) og Hrafnhildi Schram, í hlutverki sýningarstjóra, aðdáun mína, og lýsi opna sýninguna „Með viljann að vopni“.